

Heimspækilegar samræður

Þegar Bjarni var orðinn svo gamall að hann gat ekki haldið áfram að vinna þá var hann leiddur á milli bæja og fólkið skiptist á að hugsa um hann.

Hvað er að vera gamall?

Hverjir eru gamlir?

Hvenær verðum við gömul?

Hvað gerist fyrir okkur þegar við verðum gömul?

Afhverju var Bjarni blindi leiddur á milli bæja?

Þó myrkt væri í skálanum þá bundu þeir fyrir augun á þeim sem átti að leita og héldu tveir í hann á meðan einn þeirra var að fela sig.

Afhverju voru þeir að binda fyrir augun á þeim sem var að leita? (þó það sé dimmt?)

Afhverju var bara einn að fela sig?

Afhverju eru reglur í feluleiknum?

Hvað eru reglur?

Hvað gerist ef við brjótum reglur?

Hvernig eru reglurnar í feluleikjunum sem við þekkjum til?

Hvaða reglur myndum við vilja hafa í feluleiknum okkar?

Bjarni blindi sagði þeim þá að hvítarbjarnarhúnn hefði staðið á gólfinu þar sem að Hallgrímur hefði verið að fela sig í rjáfrinu og væri það fylgjan hans.

Hvernig gat Bjarni blindi séð hvítarbjarnarhún?

Hvað er fylgja?

Afhverju var fylgjan ekki með Hallgrími í rjáfrinu?

Eru allir með fylgju? Afhverju/afhverju ekki?

En Dr. Scheving heldur enn að þegar Bjarni blindi varð blindur þá hafi skerpst á hinum skilningarvitunum.

Hver er Dr. Scheving? – Það er Hallgrímur en hægt er að gera leik úr því að finna út hver það gæti verið í sögunni. Leyfa þeim að æfa sig í að setja sig í spor annarra. Muna að það þarf ekki að koma rétt svar en það er hægt að koma með vísbendingar.

Hvað eru skilningarvit?

Afhverju skerpist á hinum skilningarvitunum þegar eitt förlast? T.d. ef við yrðum blind, heyrum við þá betur? – Hægt er að gera tilraunir með þetta út frá hugmyndum barnanna.